

133
21. ágúst

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 50. tbl. Lögbirtingablaðsins, um fyrirmæli brezku flotastjórnarinnar um endurnýjun ferðaskírteina skipa.

Brezka flotastjórnin hefur tilkynnt íslenzku ríkisstjórninni, að nauðsynlegt sé, að öll íslensk skip, 10 til 750 smál. að stærð, fái endurnýjuð eins fljótt og hægt er eftir 1. september 1943, ferðaskírteini þau, sem um ræðir í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 7. marz 1941.

Skírteini þessi verða afgreidd sem hér segir: Í Reykjavík hjá brezka aðalkonsúlnum, á Akureyri hjá brezka vice-konsúlnum, á Seyðisfirði hjá brezku flotastjórninni og í Vestmannaeyjum hjá brezka vice-konsúlnum.

134
24. maí

REGLUGERÐ

um opinber reikningsskil útsendra fulltrúa Íslands.

1. gr.

Allir útsendir fulltrúar, sendiherrar, sendifulltrúar og ræðismenn, sem hér eftir verða nefndir reikningshaldarar, skulu ársfjórðungslega gera utanríkisráðuneytinu grein fyrir fé því, sem þeim er trúað fyrir af hálfu ríkissjóðs eða annarra.

2. gr.

Allir reikningshaldarar skulu halda dagbók og færa hana eftir reglum um tvöfalda bókfærslu.

Dagbók þessi skal færð eftir fyrirmynd þeirri, sem fylgir reglugerð þessari.

Í dagbók eru fimm reikningar:

Sjóðreikningur. Í hann skal færa reiðufé allt, sem greitt er eða veitt er viðtaka á.

Bankareikningur. Í hann skal færa allt fé, sem lagt er í banka eða ávísað er á bankainnistæður eða hafið á annan hátt.

Skrifstofureikningur. Í hann skal eingöngu færa þær greiðslur, sem viðkoma embættisskrifstofu reikningshaldara. Með þessum reikningi skal fylgja sérstakur listi, þar sem gjöldin eru sundurliðuð í aðalatriðum í samræmi við fyrirmynd þá, sem sýnd er á fylgiskjali I.

Tekjur í ríkissjóð samkvæmt reglugerð um gjöld til utanríkisráðuneytisins skulu og færðar á þennan reikning og sundurliðaðar í aðalatriðum eins og fyrirmyndin á fylgiskjali I sýnir.

Viðskiptamannareikningur. Í þennan reikning skal færa:

1. lán, sem veitt eru til bráðabirgða nauðstöddum íslenskum ríkisborgurum;
2. greiðslur vegna ríkisstofnana, einstaklinga eða einkafyrirtækja.

Er þá gert ráð fyrir, að slíkar greiðslur séu endurgreiddar reikningshaldara. Þegar sýnt þykir, að fjárhæðir, sem þannig hafa verið færðar, verði ekki endurgreiddar, eða óskað er eftir, að þær verði greiddar eða innheimtar á Íslandi, skulu þær færðar út af þessum reikningi og yfir á ríkissjóðsreikning.

Með reikningi þessum skal alltaf fylgja listi, er sýni skuld eða innistæðu hvers viðskiptamanns við lok hverrar ársfjórðungslegrar uppgerðar. Þess skal jafnan gætt, að mismunur skulda og innistæðna sé eins og lokun sama reiknings í dagbók sýnir. Skal listi þessi gerður eftir fyrirmynd þeirri, sem sýnd er sem fylgiskjal II.

Ríkissjóðsreikningur. Í hann skal færa:

Í tekjudálkinn:

1. Framlög ríkissjóðs til embættisskrifstofunnar;
2. greiðslur, sem innborgaðar eru til reikningshaldara og eiga að greiðast á Íslandi.

Í gjaldadálkinn:

1. Allar greiðslur, sem reikningshaldari innir af hendi fyrir ríkissjóð, t. d. bækur og blöð fyrir ráðuneytið, eftirlaun, námsstyrki o. s. frv.;
2. bráðabirgðalán eða greiðslur vegna ríkisstofnana, einstaklinga eða einkafyrirtækja, sem eiga að endurgreiðast á Íslandi.

Með þessum reikningi skal alltaf fylgja listi með greinilegri sundurliðun hinna ýmsu færslna, og skal hann gerður eftir fyrirmynd þeirri, sem sýnd er sem fylgiskjal III. 1—3.

3. gr.

Um allar greiðslur, sem færðar eru á ríkissjóðsreikning, skal senda skýrslu (bréf) til ráðuneytisins, og skal þar gefa eins glöggar upplýsingar um greiðsluna og tók eru á. Skýrslu þessari skal ávallt fylgja eitt samrit, er merkja skal „Ríkisbókhaldið“. Í dagbókina skal síðan, jafnframt því sem greiðslan er færð, skrá númer skýrslunnar til ráðuneytisins í sérstakan dálk eins og sýnt er á fyrirmyndinni að dagbókinni.

4. gr.

Við lok hvers ársfjórðungs skal dagbók lokað og skal þannig frá henni gengið, að fram komi heildarniðurstöðutölur hvers reiknings fyrir það reikningstímabil. Nettókostnaður embættisins skal færður reikningi ríkissjóðs til gjalda. Síðan skulu færðar jöfnunarfjárhæðir frá næsta ársfjórðungi á undan, þ. e. innistæða í sjóði og banka, mismunur á reikningum ríkissjóðs og viðskiptamanna. Loks skal ársfjórðungsreikningnum jafnað með þeim fjárhæðum, sem færast til næsta ársfjórðungs.

5. gr.

Eftir lok hvers ársfjórðungs ber reikningshaldara að senda ráðuneytinu eins fljótt og unnt er tvírtað samrit af dagbók fyrir næsta ársfjórðung á undan ásamt listum þeim, sem nefndir eru í 2. gr., sömuleiðis í tveimur eintökum. Enn fremur skulu fylgja dagbókinni kvittanir fyrir öllum greiðslum, sem reikningshaldari hefur innt af hendi.

6. gr.

Fé því, sem reikningshöldurum er trúnað fyrir vegna embættis síns og þeir á hverjum tíma hafa í vörzlum sínum, skal ávallt haldið sér og eigi látið saman við fé þeirra sjálfra. Fé þetta skal geymt í banka, og skal þess gætt að hafa aldrei meira fé í sjóði en nauðsynlegt er til að standa straum af smærri daglegum greiðslum.

7. gr.

Þegar frá eru taldar greiðslur þær, sem nauðsynlegar eru til þess að standa straum af rekstri embættisins, mega reikningshaldarar eingöngu inna af hendi greiðslur af fé ríkissjóðs samkvæmt fengnu leyfi ráðuneytisins, eða, séu fyrirmæli um greiðslur í fyrirmæla- og leiðbeiningabók fyrir fulltrúa Íslands erlendis, þá í samræmi við þau fyrirmæli.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. gr. laga nr. 31 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis. Öðlast hún gildi frá og með þeim ársfjórðungi, sem byrjar 1. júlí 1943, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Utanríkisráðuneytið, 24. maí 1943.

Vilhjálmur Þór.

134 Dagbók.

24. maí

Fskj.	Dags.	April—júní 19.....	Bréf nr.	Sjóður	
				Debet	Kredit
1	2/4	Sendiherrann, apríllaun			
2	—	H. H. ritari —			
3	—	S. S. vélritari —			
4	10/4	Simakostnaður			
5	15/4	Blöð v/ stjórnarráðsins	148		6.00
6	17/4	Lán til Kristjáns Kristjánssonar			
7	—	Greitt Jóni Jónssyni eftirlaun v/ rikissjóðs	163		
8	20/4	Greitt Sigurði Sigurðssyni samkv. skeyti stjórnarr.	165		
	25/4	Yfirfært á rikissjóð skuld G. G.	172		
9	28/4	Greidd burðargjöld			15.00
	30/4	Innborgun fyrir áritun vegabréfs		10.00	
10	—	Greidd húsaleiga, ljós og hiti fyrir apríl—maí ...			
11	1/5	Sendiherrann, maílaun			
12	—	H. H. ritari —			
13	—	S. S. vélritari —			
14	5/5	Símskeyti			12.00
	6/5	Móttekið til bráðabirgða frá h/f Hrönn			
16	10/5	Sendiherrann, ferðakostnaður			
	15/5	Innborgað fyrir staðfestingu á farmskrá		7.00	
17	20/5	Bráðabirgðalán til G. P. endurgreitt heima	203		
18	21/5	Björn Björnsson námsstyrkur	207		
	24/5	Sveinn Sveinsson endurgreitt lán frá febrúar		195.00	
19	25/5	Árni Árnason greidd innstæða frá marz			
	28/5	Móttekið frá rikissjóði			
20	30/5	Gunnar Árnason menntamálaráðsstyrkur	240		
21	—	Greitt N. N. v/ h/f Hrannar			
	—	Til endurgreiðslu heima, eftirstöðv. v/ h/f Hrannar ..	242		
22	1/6	Húsaleiga, ljós og hiti fyrir maí—júní			
23	—	Ritföng o. fl. v/ skrifstofunnar			
24	2/6	Simakostnaður			
25	3/6	Sendiherrann, júnílaun			
26	4/6	Bráðabirgðalán til Guðmundar Jónssonar			100.00
	—	Skuld Geirs Geirssonar frá marz til innheimtu heima ..	260		
27	10/6	Björn Björnsson námsstyrkur	281		
28	—	H. H. ritari, júnílaun			
29	20/6	Greitt Guðmundi Guðmundssyni samkvæmt bréfi stjórnarráðsins dagsettu	296		
	29/6	Yfirfærður skeytakostnaður endurgreiddur hér: Axel Axelsson 4/- Árni Árnason 5/-			
	29/6	Yfirfærður skeytakostnaður endurgreiddur heima: Hans Ólafsson 10/- Björn Árnason 8/-	299		
30	30/6	Ásgrímur Sveinsson, styrkur	303		
				212.00	133.00
		Kostnaður skrifstofunnar yfirfærður á rikissjóð ..		315.00	
		Frá 31. marz		527.00	
		Til næsta árstjórnungs			394.00
		Samtals		527.00	527.00

Banki		Skrifstofan		Viðskiptamenn		Ríkissjóður	
Debet	Kredit	Debet	Kredit	Debet	Kredit	Debet	Kredit
	2500.00	2500.00					
	800.00	800.00					
	400.00	400.00					
	300.00	300.00					
						6.00	
	100.00			100.00			
	50.00					50.00	
	200.00					200.00	
					75.00	75.00	
		15.00					
			10.00				
	500.00	500.00					
	2500.00	2500.00					
	800.00	800.00					
	400.00	400.00					
		12.00					
6000.00					6000.00		
	180.00	180.00					
			7.00				
	165.00					165.00	
	100.00					100.00	
					195.00		
	2000.00			2000.00			
10000.00							10000.00
	400.00					400.00	
	5640.00			5640.00			
				360.00			360.00
	1000.00	1000.00					
	60.00	60.00					
	240.00	240.00					
	2500.00	2500.00					
				100.00			
					78.00	78.00	
	300.00					300.00	
	800.00	800.00					
	700.00					700.00	
			9.00	9.00			
			18.00			18.00	
	400.00					400.00	
16000.00	23035.00	13007.00	44.00	8209.00	6348.00	2492.00	10360.00
			12963.00			12963.00	
11920.00					1265.00		10970.00
27920.00	23035.00	13007.00	13007.00	8209.00	7613.00	15455.00	21330.00
	4885.00				596.00	5875.00	
27920.00	27920.00	13007.00	13007.00	8209.00	8209.00	21330.00	21330.00

134

24. maí

134 Fylgiskjal I.

24. maí

Reikningur skrifstofunnar apríl—júní 19....**Gjöld:**

1. Sendiherrann, laun	7500.00	
2. Starfsfólk skrifstofunnar, laun	3200.00	
3. Húsaleiga, ljós og hiti	1500.00	
4. Ferðakostnaður sendiherra	180.00	
5. Símakostnaður	552.00	
÷ Endurgreiddur símakostnaður	27.00	525.00
6. Burðargjald		15.00
7. Ýmislegur skrifstofukostnaður		60.00
		12980.00

Tekjur:

1. Áritun vegabréfs	10.00	
2. Staðfesting á farmskrá	7.00	17.00
		12963.00

Fylgiskjal II.**Viðskiptamenn skrifstofunnar:**

	Skuldir	Innist.
Jón Gunnarsson (frá febr.)	300.00	
Sigurður Sigurðsson (frá febr.)	200.00	
Bjarni Sveinsson (frá marz)	178.00	
Þórir Stefánsson (frá marz)		291.00
Kristján Kristjánsson ¹⁷ / ₄	100.00	
Guðmundur Jónsson ¹ / ₆	100.00	
Axel Axelsson ²⁹ / ₆	4.00	
Ari Arason ²⁹ / ₆	5.00	
	887.00	291.00
	Mismunur	596.00
	887.00	887.00

Fylgiskjal III.**Reikningur ríkissjóðs apríl—júní 19....**

	Debet	Kredit
²⁵ / ₆ Mótteknir peningar frá ríkissj.		10000.00
Ýmislegt (sjá sundurl. III 1)	56.00	
Bráðab. lán og endurgr. (sjá sundurl. III 2)	1236.00	360.00
Námsstyrkir (sjá sundurl. III 3)	1200.00	
	2492.00	10360.00

Fylgiskjal III 1.**Ríkissjóður.****Ýmislegt:**

¹⁵ / ₄ Blöð og bækur v/stjórnarráðs, bréf nr. 148	6.00
¹⁷ / ₄ Jón Jónsson, eftirlaun, bréf nr. 163	50.00
	56.00

Fylgiskjal III 2.

134

24. maí

Ríkissjóður.

Bráðab. greiðslur og endurgr. vegna einstaklinga og stofnana:

	Debet	Kredit
²⁰ / ₄ Sigurður Sigurðsson, bréf nr. 163	200.00	
²⁵ / ₄ Gunnar Gunnarsson, bréf nr. 172	75.00	
²⁰ / ₅ Geir Þorsteinsson, bréf nr. 203	165.00	
²¹ / ₅ H/f Hrönn, bréf nr. 242		360.00
⁴ / ₆ Geir Geirsson, bréf nr. 260	78.00	
²⁰ / ₆ Guðm. Guðmundsson, bréf nr. 296	700.00	
²⁰ / ₆ Hans Ólafsson, bréf nr. 299	10.00	
²⁰ / ₆ Björn Árnason, bréf nr. 299	8.00	
	1236.00	360.00

Fylgiskjal III 3.

Ríkissjóður.

Námsstyrkir:

(Hér þarf að sjást, hvers konar styrki er um að ræða og fyrir hvaða tíma.)

Björn Björnsson, námsst. (14. gr. B II a) fyrir maí—ágúst	400.00
Gunnar Árnason, menntamálaráðsst. (14. gr. B II b) fyrir árið	400.00
Ásgrímur Sveinsson, styrkur frá Búnaðarfélaginu fyrir árið	400.00
	1200.00

AUGLÝSING

135

25. maí

um lækkun verðtolls af farmgjöldum.

Samkvæmt heimild í c-lið ákvæða um stundarsakir í lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl., hefur ráðuneytið ákveðið, að þrátt fyrir 50% hækkun þá á farmgjöldum, sem viðskiptaráðið hefur heimilað Eimskipafélagi Íslands h. f. frá 8. maí þ. á. að telja, verði verðtollur reiknaður af sömu farmgjöldum, sem giltu fyrir hækkunina.

Verðtollurinn verður því reiknaður af einungis $\frac{2}{3}$ hlutum hinna bækkðu framgjalda.

Fjármálaráðuneytið, 25. maí 1943.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.